

305. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, haldinn að Skógarbraut 945, Reykjanesbæ, mánudaginn 23. október 2023, kl. 16:00.

Mætt: Ingvi Þór Hákonarson, formaður, fulltrúi Reykjanesbæjar, Margrét Sæmundsdóttir, fulltrúi Reykjanesbæjar, Sunneva Ósk Þóroddsdóttir, fulltrúi Suðurnesjabæjar og Birgitta Káradóttir, fulltrúi Grindavíkurbæjar, auk starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja: Ásmundur E. Þorkelsson, framkvæmdastjóri (fundarritari), J. Trausti Jónsson, Sonja Hrund Steinarsdóttir og Helgi Haraldsson. Annas Jón Sigmundsson, fulltrúi Sveitarfélagsins Voga tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað. Bergþóra Sigurjónsdóttir, fulltrúi atvinnurekenda kom ekki á fundinn.

Dagskrá:

1. Yfirlit yfir störf HES
2. Starfsleyfi og skráningar
3. Fjárhagsáætlun 2024
4. Málefni Eric the red seafood
5. Skýrsla um framtíðarskipan heilbrigðiseftirlits
6. Umhverfismál / umgengi á lóðum
7. Önnur mál

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Yfirlit yfir störf HES

Framkvæmdastjóri og starfsmenn fóru yfir helstu verkefni sem hafa verið á döfnni frá síðasta fundi heilbrigðisnefndar.

3. Starfsleyfi og skráningar

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- Suðurnesjabær, kt. 550518-1200, Sunnubraut 4, 250 Suðurnesjabæ til að reka félagsaðstöðu með fullbúnu eldhúsi að Suðurgötu 17-21, 245 Suðurnesjabæ.

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- Monika Marchlewicz, kt. 120377-2139 til að reka snyrtistofu að Hólmgarði 2, Reykjanesbæ.
- Eyrúnu Jóhannsdóttur, kt. 180390-3329 til að reka dagvistun 6-10 barna í heimahúsi að Tjarnarbakka 8, Reykjanesbæ.
- Guðrúnu Hrefnu Guðmundsdóttur, kt. 130687-2889 til að reka dagvistun 6-10 barna í heimahúsi að Bogabraut 961, Reykjanesbær.

Umsóknir um skráningar samkvæmt reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

- Skýr Fjárfesting ehf., kt. 450116-0250, fyrir bifreiða- og vélaverkstæði á Klettatröð 19, 262 Reykjanesbæ.

Nefndin felur heilbrigðiseftirlitinu að samþykkja skráningar á ofangreindum fyrirtækjum að uppfylltum starfsskilyrðum og greiddu skráningagjaldi.

Skráningar samþykktar í samræmi við reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

- JBÓ Pípulagnir ehf., kt. 650416-1390, fyrir asbesthreinun á Grindavíkurvegi við Melhól, 240 Grindavík.

Heilbrigðisnefnd staðfestir skráninguna.

Fyrirtæki í auglýsingaferli skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. verklagsreglur við auglýsingu nr. 582/2000 frá umhverfisráðuneytinu.

- Jarðboranir hf., kt. 590286-1419, vegna jarðborana í Grindavík ofan Háleyjabungu á Reykjanesi í samræmi við innsenda hnitaskrá.

Nefndin felur heilbrigðiseftirlitinu að gefa út starfsleyfi til ofangreindra fyrirtækja berist ekki athugasemdir á auglýsingatíma.

3. Fjárhagsáætlun 2024

Nefndin samþykkti fjárhagsáætlun fyrir árið 2024.

4. Málefni Eric the red seafood

Lokunaráætlun félagsins lögð fram til kynningar. Nefndin felur embættinu að halda áfram vinnu að málinu. Umfjöllun frestað til næsta fundar.

5. Skýrsla um framtíðarskipan heilbrigðiseftirlits

Lagt fram til kynningar.

6. Umhverfismál / umgengi á lóðum

Farið var yfir vinnu HES við málaflokkinn undanfarnar vikur.

7. Önnur mál

Ekkert var rætt undir þessum lið.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið klukkan 17:05.